

Hvernig sendi ég inn lag í Söngvakeppnina 2018?

Við hjálpum þér að komast í gegnum innsendingarferlið skref fyrir skref.

LEIÐBEININGAR:

SKREF 1: Fara á skráningarsíðu

Til að skrá framlag í Söngvakeppnina 2018 skal fara á vef RÚV, www.songvakeppnin.is, og smella á “kubbin” efst á síðunni. Ef upp koma tæknileg vandamál á leiðinni sem ekki tekst að leysa skal senda tölvupóst á adstodSK@ruv.is og honum verður svarað eins fljótt og unnt er.

Athugið: Kynnið ykkur reglur Söngvakeppninnar 2018 og reglur ESC 17 (reglur fyrir ESC árið 2018 eru væntalegar) áður en framlagi er hlaðið upp.

SKREF 2: Skráning

Hér kemur upp síða þar sem sendandi þarf að skrá helstu upplýsingar um lag og höfunda ásamt kennitölu, heimilisfangi, símanúmeri og netfangi. Mikilvægt er að fylla í alla glugga. Athugið að gera þarf nýja umsókn fyrir hvert lag.

- **Upplýsingar um lag:** Hér skal skrá titil lags, dulnefni höfunda og hver flytur lagið, þ.e. nafn söngvara eða hljómsveitar. Mikilvægt er að höfundar velji sér dulnefni þar sem lagavalnefnd fær aðeins uppgefin dulnefni og titil laga í valferlinu.
- **Sendandi:** Hér skal skrá þann aðila sem ber ábyrgð á að senda inn lag og sem verður tengiliður við RÚV í valferlinu. Mikilvægt er að allar upplýsingar séu réttar, sérstaklega kennitala, netfang og símanúmer.
- **Lagahöfundur:** Hér skal skrá helstu upplýsingar um lagahöfund. Ef lagahöfundur er sami og sendandi má haka við „sami og sendandi“ og þá yfirfærir kerfið sjálfvirkt þær upplýsingar. Ef lagahöfundar eru fleiri en einn skal smella á „Bæta við lagahöfundi“ neðst í glugganum. Hægt er að bæta við eins mörgum höfundum og nauðsyn krefur.

- **Textahöfundur:** Hér skal skrá helstu upplýsingar um textahöfund lags. Ef textahöfundur er sami og sendandi má haka við „sami og sendandi“ og þá yfirfærir kerfið sjálfvirkt þær upplýsingar. Ef textahöfundar eru fleiri en einn skal smella á „Bæta við textahöfundi“ neðst í glugganum. Hægt er að bæta við eins mörgum höfundum og nauðsyn krefur.
- **Annað:** Í þessum glugga skal skilgreina á hvaða tungumáli höfundur hyggst flytja lag komist það í úrslit. Einnig er hér hægt að tilgreina hugmyndir um útfærslu atriðis, um flytjanda og annað sem höfundur telur mikilvægt að komi fram.

SKREF 3: Staðfesta skilmála

Þegar búið er að fylla í alla reiti á skráningarsíðunni er mikilvægt að staðfesta skilmála Söngvakeppninnar 2017 með því að haka við kassann á undan setningunni „Ég hef lesið og skil skilmála Söngvakeppninnar“. Svo er smellt á „Áfram“.

SKREF 4: Lesa yfir skráðar upplýsingar

Þegar smellt er á „Áfram“ kemur upp yfirlitssíða með öllu upplýsingum sem sendandi hefur fyllt út. Mikilvægt er að lesa allt vel yfir og smella svo á „Staðfesta“ neðst á síðunni til að halda áfram. Ef sendandi þarf að breyta einhverju eða bæta við er smellt á „Til baka“ og þá gefst tækifæri til að leiðrétta eða bæta við þar sem við á.

SKREF 5: Hlaða upp skrá

Þegar búið er að staðfesta skráðar upplýsingar kemur upp síða þar sem hægt er að hlaða upp lagi og texta. Allir höfundar þurfa að hlaða upp íslenskum söngtexta. Liggi erlendur texti fyrir við innsendingu er höfundi frjálst að láta hann fylgja með.

Til að hlaða upp skrá, bæði hljóðskrá og textaskrá, skal velja „Sækja skrá“ til að sækja viðkomandi skrá í tölvunni ykkar. Tvísmellið á þær eða dragið beint yfir í kassann þar sem stendur „Dragið og sleppið“. Ef skrá er í lagi verður skráarnafn sýnilegt. Ef skrá er of stór eða ekki af réttri gerð kemur tilkynning sem segir til um það. Þá þarf að hlaða upp annarri skrá.

Hljóðskrá skal vera af gerðinni **mp3** og má ekki vera stærri en **20MB**. Textaskrá skal vera af gerðinni **doc, docx, pdf, rdf** eða **txt** og má ekki vera stærri en **10MB**.

Athugið að setja skal strax inn allar skrár sem sendandi vill að fylgi umsókn. Þegar skrár eru komnar inn, bæði hljóðskrár og textaskrár, skal smella á „Senda inn skrá“.

SKREF 6: Innsendingu lokið

Ef skráning og upphleðsla á skrám er í lagi kemur upp síða þar sem þakkað er fyrir þátttökuna. Einnig fær sendandi tölvupóst þar sem móttaka umsóknar og lags er staðfest.

Munið að aðeins er hægt að hlaða upp lagi til föstudagsins 20. október 2017 kl. **23:59**. Við hvetjum því höfunda til að byrja tímanlega.

GANGI YKKUR VEL!